

Þjónustuvefur fyrirtækja - Skilmálar

1. Almenn

- 1.1. Þjónustuvefur fyrirtækja (hér eftir „þjónustuvefurinn“) er í eigu Símans hf., kt. 460207-0880. Þar sem ákvæðum skilmála þessa sleppir gilda Almennir viðskiptaskilmálar Símans á siminn.is. Frekari leiðbeiningar um virkni og notkun þjónustuvefsins eru að finna á siminn.is.
- 1.2. Félag sem er í viðskiptasambandi við fyrirtækjalausnir Símans (hér eftir nefnt „félagið“) getur nálgast upplýsingar um viðskipti sín hjá Símanum á þjónustuvefnum í samræmi við skilyrði þessara skilmála. Þær þjónustur sem eru í boði hverju sinni á þjónustuvefnum eru á forræði Símans.
- 1.3. Á þjónustuvefnum getur félagið nálgast upplýsingar um notkun þess á þjónustum, reikninga frá Símanum og gert ákveðnar breytingar á þjónustum. Þjónustuvefurinn hefur að geyma upplýsingar um notkun fjarskiptaþjónustu og yfirlit reikninga í afmarkaðan tíma.

2. Aðgangsheimildir og notendur

- 2.1. Það er á ábyrgð félagsins að ákveða hver skuli fá úthlutaða aðgangsheimild að þjónustuvefnum sem aðalnotandi og upplýsa fyrirtækjalausnir Símans þar um eða staðfesta umsókn aðila sem aðalnotanda í gegnum netbanka félagsins. Aðalnotandi hefur einn fullan aðgang að upplýsingum um viðskipti félagsins á þjónustuvefnum.
- 2.2. Aðalnotandi félagsins hefur einn heimild til að útvega öðrum innan félagsins aðgang að þjónustuvefnum, sem annað hvort annar aðalnotandi eða sem aukanotandi. Aukanotandi hefur takmarkaðri aðgang að upplýsingum og heimild til aðgerða á þjónustuvefnum. Hér eftir er vísað til hvors aðila sem „notandi“ eða til beggja sem „notendur“ eftir atvikum.
- 2.3. Aðalnotanda ber að tryggja að sá aðal- eða aukanotandi, sem hann útvegar aðgangsheimild til, hafi heimild til þess að nálgast þær upplýsingar sem þjónustuvefurinn

hefur að geyma og framkvæma þær aðgerðir sem aðgangsheimildir viðkomandi fylgja.

- 2.4. Notandi notar auðkenningu til að sanna á sér deili við innskráningu á þjónustuvefnum, n.t.t. með rafrænum skilríkjum eða notendanafni og lykilorði sem hann fær úthlutað af Símanum í heimabanka sinn, í samræmi við öryggiskröfur Símans hverju sinni. Síminn áskilur sér rétt til að breyta auðkenningaraðferðum sínum án fyrirvara.
- 2.5. Notanda ber að tryggja öryggi aðgangs- og auðkenningarupplýsinga sinna, s.s. með því að deila ekki auðkenningarupplýsingar sínum með öðrum.

3. Notkun á þjónustuvef

- 3.1. Að lokinni innskráningu með auðkenningu ber notandi ábyrgð á þeim aðgerðum sem hann framkvæmir á þjónustuvefnum. Er félagið bundið af aðgerðum notanda, nema Síminn samþykki annað sérstaklega. Sama gildir ef óviðkomandi aðili kemst yfir aðgangsupplýsingar notanda.
- 3.2. Notandi skal tryggja að:
 - aðgangur hans sé notaður í þágu félagsins sem aðgangurinn tekur til,
 - hann hafi heimild af hálfu félagsins til að framkvæma þær aðgerðir sem hann kann að gera á þjónustuvefnum,
 - hann sýli ekki með þjónustur sem tengjast honum persónulega,
 - hann tilkynni Símanum ef breytingar hafa orðið á hlutverki hans eða annarra notenda og kalla á afturköllun eða breytingu á aðgangsheimild notanda (s.s. ef notandi hættir störfum hjá félaginu),
 - hann tilkynni Símanum ef grunur vaknar um að óviðkomandi aðili hafi komist yfir aðgangs- eða auðkenningarupplýsingar hans eða ef hann verður var við misnotkun eða óheimila notkun á þjónustuvefnum,
 - hann leiti til Símans ef spurningar vakna varðandi úthlutun eða afturköllun aðgangsheimilda að þjónustuvefnum, stillingar á aðgangsheimildum eða þær

upplýsingar sem eru að finna á þjónustuvefnum.

4. Höfundaréttur, ábyrgð o.fl.

- 4.1. Síminn er eigandi hugbúnaðarins sem þjónustuvefurinn styðst við og vörumerkja Símans. Allur höfundaréttur áskilinn. Félagið hefur leyfi til aðgangs og notkunar hugbúnaðarins en er óheimilt að gera breytingar á honum.
- 4.2. Síminn ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem kann að orsakast af fyrirvaralausri lokun þjónustuvefsins, bilana eða breytinga í hugbúnaðinum, eða öðrum óviðráðanlegum ástæðum.
- 4.3. Síminn áskilur sér rétt til að breyta bæði útliti, innihaldi og innskráningar- eða auðkenningaraðferðum á þjónustuvefnum án fyrirvara. Þá er Símanum heimilt að afturkalla aðgangsheimildir einstakra notenda án fyrirvara, svo sem ef grunur vaknar um misferli aðgangsins.

5. Meðferð persónuupplýsinga

- 5.1. Síminn hf. sýslar með persónuupplýsingar þegar notendur þjónustuvefsins fá úthlutaðan aðgang að þjónustuvefnum og nota hann. Er Síminn í hlutverki ábyrgðaraðila vinnslunnar í skilningi persónuverndarlaga. Hér er sérstaklega greint frá þeirri vinnslu sem fer fram vegna þjónustuvefsins, en frekari upplýsingar um meðhöndlun persónuupplýsinga af hálfu Símans almennt og réttindi einstaklinga eru að finna í persónuverndarstefnu Símans á siminn.is.
- 5.2. Þær persónuupplýsingar sem unnið er með um notanda sem fær úthlutaða aðgangsheimild að þjónustuvefnum eru nafn og kennitala. Þegar notandi skráir sig inn á þjónustuvefinn er unnið með upplýsingar um nafn, netfang og IP-tala. Þegar þjónustuvefurinn er notaður eru einnig skráðar aðgerðir notandans, þ.m.t. inn- og útskráningar, og hvenær.
- 5.3. Tilgangur vinnslunnar er að tryggja að einungis þeim aðilum sem hefur verið úthlutað aðgangi að þjónustuvefnum hafi aðgang að þjónustuvefnum og geti nýtt þá þjónustu sem í boði er á þjónustuvefnum. Einnig er þetta liður í því að gæta að öryggi þeirra upplýsinga sem eru að finna á þjónustuvefnum.
- 5.4. Vinnslan er nauðsynleg fyrir Símann til að gæta lögmætra hagsmuna félagsins, sem og til að gæta hagsmuna þeirra einstaklinga sem

upplýsingarnar varða og eru að finna á þjónustuvefnum (starfsmenn félaga), sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

- 5.5. Upplýsingar um notkun notenda á þjónustuvefnum eru varðveittar í sex mánuði, nema upp kemur ágreiningsmál milli aðila en Síminn áskilur sér í slíkum tilvikum rétt til að varðveita gögnin lengur til að hafa uppi eða verja kröfur fyrir dómi.

Útg. 1.0.

Gildir frá 1. apríl 2021.